

Fundargerð 83. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 9. apríl kl. 09:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Knútur Emil Jónasson og Guðný Birna Guðmundsdóttir.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Orkufundur 2025 - 2501004SO

Farið var yfir drög að dagskrá Orkufundar 2025.

Drög að dagskrá Orkufundar 2025 samþykkt og undirbúningshópur mun vinna málið áfram.

2. Fræðsluferð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 2025 - 2504005SO

Guðný Birna Guðmundsdóttir fór yfir drög að fræðsluferð stjórnar.

Stjórn þakkar Guðnýju fyrir góðan undirbúning og hvetur stjórnarmenn til að taka daginn frá.

3. Fundir með ráðherrum - 2501005SO

Stjórnarmenn fóru yfir umræður á fundi með Eyjólfí Ármannssyni, innviðaráðherra og Jóhanni Páli Jóhannssyni, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Stjórn þakkar innviðaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra fyrir góða fundi um málefni samtakanna.

Stjórn samþykkir einnig að fundarmenn fái greitt í samræmi við reglur samtakanna um greiddan kostnað vegna funda á vegum samtakanna.

4. Samtök orkusveitarfélaga - ársreikningur 2024 - 2501003SO

Lagður fram til kynningar ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga. Skoðunarmenn hafa yfirfarið reikninginn og gera engar athugasemdir.

Stjórn samþykkir að senda ársreikning til aðildarsveitarfélaga til kynningar.

5. Mál til umsagnar - 2504004SO

Fjögur mál eru til umsagnar næstu vikunnar. Tvö til Alþingis og tvö í samráðsgátt en þau eru eftirfarandi:

Mál til umsagnar - Alþingi: Verndar- og orkunýtingaráætlun. Umsagnarfrestur 23. apríl

Mál til umsagnar - Alþingi: Einföldun og samræmingar leyfisferla á svið umhverfis- og orkumála. Umsagnarfrestur 23. apríl

Mál til umsagnar - samráðsgátt: Tillögur að flokkun tíu vindorkuverkefna - verkefnisstjórn rammaáætlunar. Umsagnarfrestur 24. apríl

Mál til umsagnar - samráðsgátt: Stefna stjórnvalda um öflun raforku. Umsagnarfrestur 9. maí

Formanni stjórnar og starfsmanni samtakanna falið að skrifa umsagnir í samræmi við stefnu samtakanna og umræður á fundi.

Fundi var slitið kl. 10:15